

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 103/2023

2023/EES/81/28

frá 28. apríl 2023

um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1023 frá 15. júlí 2020 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/1765 að því er varðar skipti á gögnum yfir landamæri milli landsbundinna smitakningar- og viðvörunarsmáforrita fyrir fartæki í tengslum við baráttuna gegn COVID-19 heimsfaraldrinum ⁽¹⁾.
- 2) X. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 2f (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2019/1765) í X. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32020 D 1023**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1023 frá 15. júlí 2020 (Stjttíð. ESB L 227I, 16.7.2020, bls.1).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2020/1023, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2023 frá 28. apríl 2023 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 227I, 16.7.2020, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L, 2023/2256, 9.11.2023, og EES-viðbætur nr. 81, 9.11.2023, bls. 65.